

Fimmtudaginn 28. september 1995.

Nr. 338/1993.

Gunnar Svavarsson

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Efnaco hf.

(Friðgeir Haraldsson framkvæmdastjóri)

Samningar. Skipsleiga. Veiðiheimildir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1993. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti, til vara, að sér verði einungis gert að greiða stefnda 117.515 krónur og málskostnaður í héraði verði felldur niður, en stefnda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms fékk Efnaco hf. framseldar allar kröfur í máli þessu frá Faxi hf., og hefur það félag tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti.

Aðilar eru sammála um, að áfrýjandi hafi verið leystur frá leigusamningi þeirra í maí 1991. Ber að miða uppgjör þeirra í milli við þá forsendu. Því er ómótmælt, að úrskurður ráðuneytis um ólögmetan afla m/b Faxafells sé byggður á aflatölum, er stöfuðu frá áfrýjanda, og hefur hann engar líkur að því leitt, að stefndi hafi átt annars kost en hlíta niðurstöðu hans. Með þessum athugasemdum verður fallist á niðurstöðu hins áfrýjaða dóms með vísan til forsendna hans.

Áfrýjandi greiði stefnda 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnar Svavarsson, greiði stefnda, Efnaco hf., 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 28. maí 1993.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 19. maí 1993, hefur Fax hf., kt. 710589-1279, Ægisgötu 44, Vogum, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 19. nóvember 1992, á hendur Gunnari Svavarssyni, kt. 271138-3799, Bragavöllum 15, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér 584.624 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þingfestingardegi 25. nóvember 1992 af 467.109 kr. til greiðsludags og sömu dráttarvöxtum af 117.515 kr. frá 19. maí 1993 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða 117.515 kr. og málskostnaður falli niður.

II.

Mál þetta snýst í fyrsta lagi um kvótaleigu og í öðru lagi um greiðsluskyldu á viðurlögum vegna ólögmeats sjávarafla. Ekki er tölulegur ágreiningur um dómkröfu stefnanda, sem er þannig sundurliðuð:

Porskkvóti, 12.449 kg á 45 kr.	kr.	560.205
Ufsakvóti, 2.155 kg á 24 kr.	–	51.720
	<hr/>	
Kvótaleiga alls	kr.	611.925
	<hr/>	
Uptaka á ólöglegum afla skv. úrsk. ráðuneytis	kr.	188.750
Fráðreginn hlutur stefnanda	–	(71.055)
Ofgreitt við fyrra uppgjör	–	(144.816)
	<hr/>	
Höfuðstóll dómkröfu	kr.	584.624
	<hr/>	

III.

Fax hf., stefnandi í máli þessu, var eigandi og útgerðaraðili 9,9 rúmlesta báts, Faxafells III, GK-344. Stefndi, Gunnar Svavarsson, var eigandi og útgerðarmaður annars smábáts, Sigurvins, GK-51.

Um áramótin 1990–1991 varð það úr, að stefnandi leigði stefnda bát sinn, Faxafell, ásamt veiðiheimildum frá áramótum til ágústloka. Við ákvörðun leigugjalds var við það miðað, að leigusali, stefnandi, fengi fjórðung af aflaverðmæti miðað við þann kvóta, er fylgdi Faxafellinu.

Bátarnir Faxafell og Sigurvin höfðu svipaðar aflaheimildir. Stefndi, leigutakinn Gunnar, hafði við gerð leigusamningsins 31. desember 1991 ákveðið

að flytja aflaheimildir af sínum bát, Sigurvin, yfir á Faxafell. Ákvæði leigusamningsins um leigugjald hljóðar svo:

„Leigutaki skal greiða sem endurgjald fyrir leigu á skipinu sem prósentu (%) af tekjum samtals 12,5% miðað við fiskmarkaðsverð, eftir að sjóðagjöld, þ. e. 10%, hafa verið frá dregin. Skylt skal leigutaka að halda bátnum til veiða allt tímabilið. Leigutaki leggur til sinn kvóta, um 81 tonn.“

Ákvæði þetta, um 12,5% aflaverðmætis, en ekki 25%, skýrist af því, að aðilar miðuðu við samningsgerðina við það, að „tonn kæmi á móti tonni“. Raunin varð þó sú, að Faxafelli fylgdu heldur minni aflaheimildir, 47,88% á móti 52,12%, sem fluttar voru frá Sigurvin.

Reri stefndi nú á Faxafelli til vors, en þá veiktist hann og varð að fara á sjúkrahús. Varð um það samkomulag með aðilum 15. maí, að stefnandi tæki þá þegar við bátnum, þótt umsamið leigutímabil væri til ágústloka. Stefndi benti stefnanda á mann, sem vildi taka bátinn á leigu og gera hann út á haukalóð, þ. e. til lúðuveiða, sem voru utan kvóta. Tókust þeir samningar, og leigði stefnandi Faxafellið án kvóta þessum þriðja aðila.

Þegar stefndi afhenti Faxafell, voru óveiddar veiðiheildir þess samkvæmt útreikningi stefnda 26 tonn af þorski og 4,5 tonn af ufsa. Því er ekki haldið fram, að þá hafi verið rætt neitt um, hvernig þessum aflaheimildum skyldi ráðstafað.

Nokkru síðar kom stefndi til stefnanda og fékk um það undirritun af hans hálfu á skriflega beiðni til sjávarútvegsráðuneytis, að þessar aflaheimildir, sem skráðar voru á Faxafell, yrðu allar fluttar yfir á Sigurvin. Því er ekki haldið fram, að þá hafi verið rætt neitt um, hvort eða þá hvaða greiðsla skyldi koma fyrir, en stefnukrafa er því studd, að stefndi eigi að greiða fyrir 47,88% þessara aflaheimilda, þ. e., að óveiddar aflaheimildir eigi að skiptast í sama hlutfalli og aðilar lögðu fram aflaheimildir í upphafi.

Það er óumdeilt, að gangverð á hverju kíló af þorskkvóta (árskvóta, leigukvóta) var á þessum tíma 45 krónur og 24 krónur á kíló af ufsakvóta.

Stefndi seldi bátinn Sigurvin ásamt þeim kvóta, er honum fylgdi, um vor- ið, skömmu eftir að leigusamningurinn gekk til baka og síðari kvótaflutningur fór fram.

IV.

Er Fiskistofa fór að liðnu kvótaárinu að athuga sín gögn, þ. e. þær aflaskýrslur, sem henni höfðu borist, taldi hún, að Faxafell hefði farið fram úr kvóta. Taldi hún ólöglegan afla nema 3.298 kg, talið í þorskígildum. Meðalverð það, er ráðuneytið hafði ákveðið að miða við, var herra en stefnandi byggir á í kröfugerð sinni, 52 kr. á þorskígildiskíló. Í úrskurði Fiskistofu, sem kveðinn var upp 10. júlí 1992, segir:

„Samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976 um upptöku ólöglegs sjávaraflla, sbr. reglugerð sama efnis nr. 249/1988, er afli fiskiskipsins (1982) Faxafells III, GK 344, umfram leyfilegt aflamark árið 1991 samtals 3.298 kíló, talið í þorskígildum, gerður upptækur af sjávarútvegsráðuneyti, og skal andvirði hins ólöglega aflla, 171.496 kr., renna til fiskirannsóknna og vísindalegs eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins.“

Ástæða þess, að Faxafell fór samkvæmt útreikningi Fiskistofu fram úr aflaheimildum, var sú, að of mörg þorskígildi voru flutt af Faxafelli yfir á Sigurvin um vorið. Stefndi taldi sig með öðrum orðum hafa veitt minna en skýrslur að lokum sýndu, þegar hann um vorið fyllti út beiðni, sem stefnandi hafði undirritað um, að 26 tonn af þorskvóta og 4,5 tonn af ufsakvóta yrðu flutt yfir á Sigurvin.

Stefnandi greiddi til Fiskistofu fjárhæð þá, er greinir í úrskurði hennar, auk vaxta og kostnaðar 19. maí 1993, alls 188.570 kr.

Í dómkröfu sinni miðar stefnandi við, að stefndi eigi að endurgreiða sér þá fjárhæð að frádregnum hlut stefnanda, 71.055 kr. (þ. e. 47,88% af 3.298 kg á 45 kr. = 71.055 kr.).

Hér er einnig komin sundurliðun á varakröfu stefnda: 188.570 kr. – 71.055 kr. = 117.515 kr.

V.

Svo sem að framan er að mestu rakið, er stefnukrafan einkum studd eftirtöldum röksemdum stefnanda.

1. Aflaheimildir Faxafells fyrir umsamið leigutímabil, 1. janúar til 31. ágúst 1991, hafi verið þannig til komnar, að leigusali lagði til 47,88% þeirra, en leigutaki 52,12%.
2. Er aðilar sömdu um styttingu leigutímans vorið 1991, fékk stefndi framseldar allar óveiddar aflaheimildir bátsins. Miðað við forsendur leigusamnings hefði stefndi einungis átt rétt á að fá án endurgjalds sama hlutfall þeirra og hann lagði til í upphafi, 52,12%.
3. Í íslenskum rétti gildi sú meginregla, sem er m. a. orðuð svo í 5. grein laga um lausafjárkaup: „Nú eru kaup gerð, en ekkert fastákveðið um hæð kaupverðsins, og ber þá kaupanda að greiða það verð, sem seljandi heimtar, ef eigi verður að telja það ósanngjarnt.“ Upplýst sé og óumdeilt, að gangverð á þeim hluta aflaheimilda Faxafells, sem stöf-uðu frá stefnanda og stefndi fékk framseldar, hafi verið 611.925 kr. Þá fjárhæð eigi stefndi að greiða að frádreginni þeirri fjárhæð, er hann hafi ofgreitt við fyrra uppgjör, 144.816 kr.
4. Stefndi eigi alla sök á því, að stefnandi varð að greiða 188.570 kr. samkvæmt aðfararhæfum úrskurði Fiskistofu. Stefndi hafi farið eftir röng-

um aflatölum og fengið yfirfærðan á Sigurvin meiri kvóta en eftir var. Stefndi beri ábyrgð á aflaskýrslum bátsins fyrir útgerðartímabil sitt svo og á beiðni þeirri um yfirfærslu aflaheimilda, er stefndi sjálfur útbjó og stefnandi undirritaði í trausti þess, að stefndi gæfi upp réttar tölur í beiðninni. En þar sem stefnandi fellst á, að hann eigi að svara til vanheimildar, að því er varðar kvóta þann, er hann framseldi, fellst hann á að bera sjálfur 71.055 kr. af þeirri fjárhæð, er hann greiddi Fiskistofu, svo sem áður er sundurlíðað og skýrt.

5. Til enn frekari rökstuðnings bendir stefnandi á, að stefndi hafi selt bát sinn með umræddum kvóta skömmu eftir kvótaflutninginn. Það liggir í augum uppi, að verulegur hluti af söluverði bátsins hafi einmitt verið verðmæti hins flutta kvóta. Þar að auki sé mjög ólíklegt, að báturinn hafi í raun verið seljanlegur kvótalaus. Hinn flutti kvóti hafi því reynst stefnda mjög verðmætur.

VI.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að þegar leigusamningurinn gekk til baka og stefndi fékk umræddan kvóta yfirfærðan, hafi fullnaðaruppgjör í raun farið fram. Hvorugur aðila eigi kröfur á hinn. Bendir stefndi einkum á eftirtalin atriði þessu til stuðnings:

1. Miklar vanefndir hafi orðið á leigusamningnum af hálfu stefnanda og stefndi því átt á hann gagnkröfur af þeim sökum. Báturinn hafi ekki verið afhentur í umsömdu ástandi við upphaf leigutímans. Vatn hafi lekið út af vél bátsins, lensibúnaður verið í lamasessi og brunnar því allir fullir af fiskúrgangi og öðrum aðskotahlutum. Þá hafi vantað lórán í bátinn og loftnet, einnig mataráhöld. Í fyrsta veðri, sem gerði á úthaldinu, hafi byrjað að leka með skorsteini niður í eldhús bátsins, sem hafi valdið skammhlaupi, er kostað hafi viðgerð. Spildæla bátsins hafi ekki verkað í fyrsta róðri, þar sem snúningsátt dælnnar hafi verið breytt miðað við vél og það gert á rangan hátt. Mestu tjóni hafi þó valdið, að vantað hafi löndunarkrana á bátinn; hafi það leitt til þess, að stefndi hafi orðið að landa einvörðungu í Keflavík og því ekki getað sótt á gjöfulustu miðin, en það hefði hann gert, hefði hann haft krana og getað landað í höfnunum nær þeim miðum.
2. Stefndi hafi útvegað stefnanda nýjan leigutaka. Sá hafi greitt hærri leigu fyrir tímabilið frá 15. maí til loka hins umsamda leigutíma, 31. ágúst, en stefndi hefði greitt, þótt hann hefði fiskað allan kvótann. Stefnandi hafi því hagnast á því, að leigusamningurinn gekk til baka. Nýi leigutakinn hafi greitt 491.277,50 kr. í leigu fyrir bátinn kvótalaus-

an, en stefndi hefði aðeins greitt 276.853 kr., ef leigusamningur hans hefði gilt út leigutímabilið og hann náð að veiða allan kvótann. Stefnandi hafi því beinlínis hagnast á umræddum skiptum á leigutökum.

3. Að þessu athuguðu telur stefndi, að það hafi verið fullkomlega eðlilegt, að hann liti svo á, að stefnandi samþykkti, að kvótinn væri yfirfærður án sérstakrar viðbótargreiðslu. Ef stefnandi hefði viljað fá sérstakt endurgjald fyrir kvótann, hefði hann með tilliti til þessarar for sögu átt að áskilja sér sérstaklega greiðslu fyrir kvótaflutninginn. Það hafi hann ekki gert, og því skorti kröfur stefnanda bæði samnings- og lagastoð.
4. Þá bendir stefndi á, að hann hafi, er leigusamningurinn gekk til baka, verið búinn að ofgreiða leigugjald, að fjárhæð 144.816 kr., sem skýri það enn frekar, að aðilar hafi gert ráð fyrir því, að með kvótaflutningnum færi fram lokauppgjör.
5. Úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins hafi verið óréttmætur og yfirgnæfandi líkur á, að umrædda aflaupptöku hefði mátt fá niður fellda með því að kæra úrskurðinn, færa fram gögn og upplýsa málið. Úrskurðurinn hafi beinst að stefnanda. Stefnandi hafi ekki tilkynnt stefnanda um úrskurðinn fyrir en með bréfi, dags. 16. nóv. 1992, á dskj. nr. 16 í máli þessu. Þrjátíu daga kærufrestur hafi þá verið löngu liðinn.

VII.

Eftir að ágreiningurinn reis í máli þessu, leitaði stefnandi álits Landssambands smábátaeigenda, sem svaraði með bréfi, dags. 7. október 1991, undirrituðu af Erni Pálssyni, framkvæmdastjóra sambandsins. Það hljóðar svo:

„Í bréfi yðar til Landssambands smábátaeigenda, dagsettu 5. september sl., farið þér þess á leit, að gefin verði fagleg umsögn varðandi leigu á bát yðar, Faxafelli III.

Af bréfi yðar má ráða, að ekki sé um ágreining að ræða milli yðar og leigutaka varðandi leiguupphæð né skiptingu sjódagjalda. Ágreiningur virðist vera einskorðaður við uppgjör þess aflakvóta, sem óveiddur var, þegar leigusamningur var úti. Umsögn mín hér á eftir byggist því á þessum forsendum.

Þrátt fyrir að leitað hafi verið eftir upplýsingum um hliðstæður í leigu fiskiskips, þegar leiguupphæð er tengd framlagningu veiðiheimilda, fannst hún ekki. Umsögn mín er því sjálfstæð, hvað varðar þetta tiltekna mál. Þar sem framlagning veiðiheimilda frá leigutaka er lögð fram við upphaf leigu á Faxafelli III, telur undirritaður, að leiguupphæð hafi tekið mið af því. Þar sem allur sá kvóti, sem Faxafell III hafði í upphafi leigusamnings, var ekki

veiddur, eru forsendur 12,5% leigugjalds breyttar. Leigusali á því rétt á bótum varðandi breytingu á forsendum leigugjalds. Reikna má bæturnar út á tvo vegu:

- a) Þeim kvóta, sem óveiddur var, er leigusamningi var slitið, skal skipt að jöfnu milli leigusala og leigutaka. Bæði gætu þar komið til færsla til baka á helmingi þess kvóta, sem eftir var, eða hann verði verðlagður eins og um leigukvóta væri að ræða.
- b) Leigugjald skal hækka um það hlutfall, sem ekki náðist að veiða. Samkvæmt samningi virðist, að leigugjald taki mið af 162 tönna heildarkvóta. Heildargreiðslur frá fiskmarkaði námu 11.585.268 kr.; búast hefði mátt við, að heildarverðmæti hefði orðið 13.800.098 kr. Leiga á því aflaverðmæti hefði numið 1.725.012 kr. Mismunur á leigu samkvæmt uppgjöri þess afla, sem veiddur var, og þess afla, sem fyrirhugað var að veiða, er því 276.853 kr., sem yrði því greiðsla leigutaka til leigusala.

Undirritaður treystir sér ekki til að gera upp á milli þessara tveggja leiða, en telur, að þarna sé kominn flötur á samningaviðræðum milli leigusala og leigutaka.“

Enn fremur leitar stefnandi álits Landssambands íslenskra útvegsmanna, og svaraði lögmaður þess, Jónas Haraldsson hdl., svo með bréfi, dags. 11. júní 1992:

„Samtökunum hefur borist bréf þitt, dags. 1. júní sl., vegna ágreinings um uppgjör leigusamnings milli Fax hf. og Gunnars Svavarssonar ásamt meðfylgjandi gögnum.

Hvað snertir 15. gr. leigusamningsformsins, sem aðilar hafa notað, þá á hann einungis við, þegar um er að ræða ágreining milli útgerðarmanna fiskiskipa 12 rúmlestir og stærri, sem eru eða geta verið aðilar að samtökunum.

Þótt um sé að ræða aðila, sem ekki eru félagar í samtökunum, og báturinn sé 9,9 rúmlestir, þá breytir það ekki því, að báturinn er á aflamarki og samkynja dæmi hefði getað komið upp milli félaga innan samtakanna.

Af gögnum málsins verður ráðið, að leigusali og leigutaki skyldu leggja fram aflaheimildir að hálfu hvor, svo að litlu skeikar.

Má ráða af leigugjaldinu, að gengið hafi verið út frá þessum forsendum við gerð leigusamningsins.

Samtökin telja eðlilegast, þegar ljóst lá fyrir, að leigusamningnum yrði rift með samkomulagi aðila vegna veikinda leigutaka, að þeim kvóta, sem var óveiddur af þeim kvóta, sem aðilar samningsins lögðu til, skuli skipt að jöfnu milli aðila. Myndi það annaðhvort gerast með kvótatilfærslu eða

greiðslu gjalds miðað við söluverð árskvóta (leigukvóta). Að þessu leyti eru samtökin alveg fylgjandi þeirri tillögu, sem fram kemur í bréfi Landssambands smábátaeigenda, dags. 7. október 1991, sem merkt er a-liður, sbr. bréf þitt, dags. 1. júní sl., bls. 2, 1. töluliður.“

Álit réttarins.

Ef lítið er til leigusamnings aðila frá 31. desember 1990, verður að fallast á það með stefnanda, að eðlileg uppgjörsaðferð aðila á óveiddum kvóta hefði verið sú, að hann skiptist í sömu hlutföllum og þeir lögðu hann til við upphaf leigutímans. Verðmæti hlutdeildar stefnanda í kvótanum miðað við þær forsendur er ágreiningslaust. Að frádregnu ofgreiddu leigugjaldi nemur sú fjárhæð 611.925 kr. – 144.816 kr. = 467.109 kr., svo sem stefnandi krefst.

Að þessu athuguðu og með því að stefndi hefur ekki sýnt fram á það í máli þessu, að hann hafi átt gagnkröfur á stefnanda vegna vanefnda á leigusamningnum, verður stefndi að bera hallann af því að hafa ekki tryggt sér sönnun fyrir því, að um lokauppgjör væri að ræða, er hann tók við umræddu verðmæti, kvótanum.

Ekki var um það að ræða, að stefndi framleigði bátinn. Honum var því óviðkomandi ráðstöfun stefnanda á bátnum, eftir að samkomulag varð um, að leigutíma lyki 15. maí. Því er ekki hald í þeim málsástæðum, að stefnandi hafi fengið andvirði kvótans greitt frá hinum nýja leigutaka, ekki getað nýtt sér kvótann sjálfur og hafi sér að skaðlausu getað afhent stefnda kvótann án frekara endurgjalds.

Fram er komið í málinu, að upptaka sjávarútvegsráðuneytisins á ólög-mætum afla var miðuð við aflatölur, er stefndi gaf upp við kvótaflutninginn og bar ábyrgð á, að væru réttar. Að því athuguðu og með því að stefnandi hefur í dómkröfum sínum dregið frá á gangverði kvóta þann hluta hins flutta kvóta, sem í raun var ekki fyrir hendi, ber að taka þennan kröfulið stefnanda til greina, enda er ekkert fram komið í málinu, er bendi til, að kæra hefði néinu breytt. Fjárhæð þessa kröfuliðar er, sem fyrr segir, 188.570 kr. – 71.055 kr. = 117.515 kr.

Samkvæmt framansögðu verða dómkröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Málaskostnaður ákveðst 130.000 kr.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Gunnar Svavarsson, greiði stefnanda, Faxi hf., 584.624 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þingfestingardegi 25. nóvember 1992 af 467.109 kr. til greiðsludags og af 117.515 kr. frá 19.

maí 1993 til greiðsludags og 130.000 kr. í málskostnað, er beri sömu vexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Áfallna vexti má leggja við höfuðstól ofangreindra fjárhæða á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta.
